

GJALDSKRÁ

fyrir prófun búvéla.

1. flokkur: Gjald kr. 530,00
handverkfæri, handvagnar, brýnsluvélar.
2. flokkur: Gjald kr. 1 060,00
jarðvinnslutæki, tengivagnar, hálfbelti og keðjur, sláttuvélar, snúningsvélar, múgavélar, færíbönd, súgþurrkunarbásarar, rafgirðingar, garðsláttuvélar, drykkjarker.
3. flokkur: Gjald kr. 1 600,00
áburðardreifrarar, taliur, dælur, sniglar, ámoksturs- og hleðslutæki, sláttutætarar, heyhleðsluvagnar, heybindivélar, heyflutningsbásarar, flokkunarvélar, sáð- og plöntunarvélar, hitunartæki til þurrkunar.
4. flokkur: Gjald kr. 2 100,00
gröfuvélar, úðunartæki, upptökuvélar, heyþurrkunarkerfi.
5. flokkur: Gjald kr. 2 600,00
traktorar, vélþurrkunartæki fyrir hey, kornþreskivélar.

Um önnur verkfæri en tilgreind eru hér að ofan skal prófunargjald ákvarðað af Rannsóknastofnun landbúnaðarins í hverju einstöku tilfelli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. apríl 1982.

F. h. r.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Síghórsson.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum togbáta 1.—7. maí 1982.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. maí 1982 til og með 7. maí 1982, eru togskipum, öðrum en þeim, er togveiðar stunda samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 688 28. desember 1981, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1982, bannaðar allar þorskveiðar.

2. gr.

Á þeim tíma, er togbátar mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1. gr. má hlutfall þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskaflí undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskaflí veiðiferðar yfir 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

3. gr.

Komi togbátur að landi með afla á tímabilinu frá og með 1. maí til og með 7. maí 1982, og hlutfall þorsks í afla reynist hærra en 15%, skal litið svo á að hér sé

um ólöglegan afla að ræða og hann gerður upptækur sbr. 2. gr. Sama gildir komi tegbátur að landi eftir lok tímabilsins, hafi afli að einhverju leyti fengist á tíma-
bilinu.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. apríl 1982.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

REGLUGERÐ

um breyting á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979.

1. gr.

Liður 6.10.4.3. orðist svo:

Um byggingaleyfisgjöld sumarhúsa gilda ákvæði 9.2.1. þessarar reglugerðar.

Liður 9.2.1. orðist svo:

Fyrir leyfi til að reisa hús eða annað mannvirki skal greiða fast gjald í sveitar-
sjóð kr. 210,00, að auki skal fyrir nýbyggingar greiða allt að kr. 2,10 fyrir hvern
teningsmetra af rúmmáli byggingarinnar. Botnplata skal ekki reiknuð með rúm-
málinu sbr. IST 60.

Fyrir sumarhús sbr. 6.10.4.3. skal auk fasta gjaldsins sem er kr. 210,00 greiða
allt að kr. 10,50 fyrir hvern teningsmetra hússins.

Fyrir orlofsheimili verkalýðsfélaga skal þó auk fastagjaldsins sem er kr. 210,00
greiða allt að kr. 2,10 fyrir hvern teningsmetra hússins.

Sveitarstjórn er heimilt að taka gjöld fyrir úttektir og vottorð sem byggingar-
fulltrúi lætur í té samkvæmt 4. kafla, lið 4.11. þessarar reglugerðar. Ennfremur er
sveitarstjórn heimilt að taka eftirlitsgjald af sumarbústöðum, enda sé um raunveru-
legt eftirlit að ræða af hálfu sveitarstjórnar.

2. gr.

Liður 9.2.2. orðist svo:

Fyrir leyfi til að breyta húsi eða notkun þess, rífa hús eða önnur mannvirki,
gera bifreiðastæði eða önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins
sbr. 3.1.1. skal greiða í sveitarsjóð kr. 210,00.

3. gr.

Liður 9.2.3. orðist svo:

Ef byggingarfulltrúi er að óþörfu kvaddur til eftirlits skal greiða kr. 350,00 í
sveitarsjóð.